

Miðvikudagurinn 25. nóvember 1998 kl. 10:00

117. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 44/1998

Kvörtun Lyfju hf. yfir stafaskilti Borgar Apóteks

I.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 21. október 1998, frá Jóni Sveinssyni hrl., f.h. Lyfju, er varðar nýtt stafaskilti Borgar Apóteks sem komið hefur verið upp á húsnæði fyrirtækisins að Álftamýri 1, Reykjavík. Mynda stafirnir orðið „LYFJABÚÐ“ á þann hátt að fyrri hluti orðsins „LYFJA“ er með tvöfalt stærra letri en seinni hluti orðsins „BÚÐ“. Kvartandi telur að útlit og notkun skiltisins sé í andstöðu við samkeppnislög og brjóti þar að auki gegn lögvernduðum firma- og vörumerkjarétti hans, en vörumerkið „LYFJA“ var skráð hinn 26. júní 1996, sbr. vörumerkjaskráningu nr. 619/1996.

Þá segir í erindinu:

„Umbjóðandi minn telur ekkert athugavert við að auðkenna apótek með orðinu „LYFJABÚÐ“, enda séu verslanir hérlendis sem selja lyf til almennings ýmist kallaðar lyfjabúðir eða apótek. Þar sé um að ræða almennt heiti er ekki geti notið vörumerkjaverndar skv. lögum.

Hins vegar telur umbjóðandi minn augljóst að skilti það sem hér um ræðir, eins og það er upp sett, villi um fyrir viðskiptavinum og brjóti gegn firma- og vörumerkjarétti hans. Uppsetning skiltisins með þeim hætti að hafa orðið „LYFJA“ með helmingi stærri stöfum en „búð“ sé hæglega og reyndar beinlínis til þess fallin að vekja þá trú hjá viðskiptavinum að um sé að ræða verslun Lyfju hf. en ekki Borgar Apóteks.“

Þá bendir kvartandi á með ljósmyndum, að frá ákveðnu sjónarhorni virðist sem að á skilti Borgar Apóteks standi eingöngu Lyfja. Skilti Borgar Apóteks sé í grænum lit sem sé sami litur og í skilti Lyfju. Tilgangur Borgar Apóteks með því að setja upp framangreint skilti sé sá að laða til sín viðskiptavinum Lyfju á grundvelli góðrar þjónustu og lágs vöruverðs fyrirtækisins.

Síðan segir í erindinu:

„Í VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 er fjallað um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Af m.a. 20. gr. laganna má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi. Fyrirtækjum er þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Þrátt fyrir að útilokað sé að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, hefur verið talið með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, að stjórnendur fyrirtækja viti í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig megi ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega séu óheiðarlegar, ósanngjarnar eða villandi gagnvart keppinautum og neytendum séu andstæðar samkeppnislögum.

Með tilvísun til framangreinds telur umbjóðandi minn því nauðsynlegt og krefst þess, með vísan til samkeppnislaga nr. 8/1993, einkum 20., 21., 25., og 51. gr. að notkun fyrrgreinds skiltis Borgar Apóteks verði bönnuð þegar í stað og að Borgar Apótek hljóti að auki ströngustu viðurlög skv. XIII. kafla laganna.“

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 22. október 1998, sendi Samkeppnisstofnun erindið til umsagnar Borgar Apóteks. Svar Vigfúsar Guðmundssonar lyfjafræðings f.h. Borgar Apóteks er dags. 1. nóvember sl. Með svarinu fylgdu myndir af skiltum sem sýna mismunandi stærðir stafagerða í skiltum nokkurra fyrirtækja. Sérstaklega er bent á merki Radióbúðarinnar með þeim orðum að Radióbúðin hafi viljað leggja áherslu að þar væru seldar Radióvörur og þess vegna sé orðhlutinn „Radió“ stærri en orðhlutinn „búðin“ í merki fyrirtækisins. Með skilti sínu vilji Borgar Apótek á sama hátt leggja áherslu á að þar séu seld lyf.

Varðandi grænan lit skiltisins er bent á að liturinn sé notaður af fjölda annarra fyrirtækja, svo sem Olís og 10-11 búðunum.

2.

Hinn 4. nóvember var svar Borgar Apóteks sent Lyfju til umsagnar. Svar fyrirtækisins er dags. 9. nóvember. Þar er ítrekað að kvartandi telji að auðkenna megi apótek sem lyfjabúðir, sé það gert með eðlilegri stafagerð og án þess að hætta sé á að viðskiptavinir villist á verslunum vegna auðkenna og merkja verslana. Þá er vísað til þess að fyrirtækið Lyfja sé skráð heiti í hlutafélaga- og fyrirtækjaskrá og ítrekað að það sé lögverndað vörumerki. Af því leiði að gera verði strangar kröfur til þeirra sem reyna að líkja eftir vörumerkinu eða nota það eða hluta þess í eigin auðkennum eða auglýsingum. Sérstaklega eigi þetta við þegar hætta er á að almenningur villist á auðkennum. Þá er því haldið fram að tilvísun Borgar Apóteks í önnur auðkenni eins og „Radióbúðina“ hafi enga þýðingu þar sem tilvikin séu á engan hátt sambærileg. Í tilviki Lyfju sé um lögverndað heiti að ræða og skráð vörumerki og tilgangur Borgar Apóteks virðist vera sá að villa um fyrir almenningi, telja honum trú um að Lyfja sé staðsett þar sem Borgar Apótek er. Þá segir að litur skiltis Borgar Apóteks sé einkennandi fyrir stafagerð og auglýsingar Lyfju og sé hann þ.a.l. til þess fallinn að villa um fyrir almenningi.

3.

Bréf Lyfju var sent Borgar Apóteki til umsagnar. Svar þess er dags. 17. nóvember 1998. Þar er því mótmælt að fyrirtækið sé á ólögmætan hátt að reyna að laða til sín viðskiptavinum Lyfju og ítrekað að apótek hafi í áranna rás verið nefnd lyfjabúðir og/eða lyfjaverslanir. Þá segir í bréfinu:

„Að halda því fram að Lyfja hf. eigi einkarétt á öllum samsetningum sem byrja á lyfja-, ef leturbreytingar eru í orðunum er ákaflega torskilið...“

Varðandi litinn á skiltum okkar get ég ekki betur séð en að stafirnir í skilti Lyfju séu hvítir en þar fyrir framan er grænn kross sem er alþjóðlegt merki fyrir lyfjabúðir.“

III. Niðurstöður

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 25. nóvember 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Tryggvi Axelsson, Karitas Pálsdóttir, Skarphéðinn Þórisson og Ólafur Björnsson.

2.

Af hálfu kvartanda í máli þessu, Lyfju ehf., er því haldið fram að notkun stafaskiltis Borgar Apóteks, með áletruninni „LYFJABÚÐ“, sem nýverið hefur verið sett upp á húsnaði apóteksins, brjóti gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Áletrunin á skiltinu er með þeim hætti að fyrri hluti orðsins (LYFJA) er skráð með helmingi stærri stöfum en seinni hluti orðsins (BÚÐ). Af hálfu Lyfju er því haldið fram að notkun skiltisins brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi og sé til þess fallin að villst verði á skilti Borgar Apóteks og auðkenni Lyfju þar sem stafagerð og litur stafanna á skiltinu minni mjög á skilti og einkennislit Lyfju. Krefst kvartandi þess að samkeppnisráð banni Borgar Apóteki notkun stafaskiltisins. Af hálfu Borgar Apóteks hefur því hins vegar verið haldið fram að með uppsetningu skiltisins á þennan hátt vilji apótekið leggja áherslu á að fyrirtækið selji lyf. Notkun skiltis með áletruninni „LYFJABÚÐ“ brjóti ekki gegn lögvernduðum rétti Lyfju ehf. eða ákvæðum samkeppnislaga.

3.

Ákvæði 20. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Af ákvæði 20. gr. má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Reglan er almenn vísiregla þannig að ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur samkeppnisyfirvalda og dómstóla, sbr. eftirfarandi ummæli í athugasemdum með 20. gr. samkeppnislaga:

„Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs, jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki.“

Þá gegna sérákvæði VI. kafla samkeppnislaga, svo sem 21. og 25. gr., mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta. Einnig er tekið fram í greinargerð að ákvæði 20. gr. samkeppnislaga geti skipt máli m.a. til fyllingar ákvæðum laga um vörumerki og verndun hugverka.

4.

Í 21. gr. samkeppnislaga segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Á auglýsingaskilti því sem kvartað er yfir í þessu máli er fyrri hluti orðsins í stafamerkinu, orðhlutinn „LYFJA“, með helmingi stærri stöfum en seinni hluti orðsins, „BÚÐ“. Þessi stærðarmunur orðhlutanna veldur því að frá ákveðnum sjónarhóli og úr ákveðinni fjarlægð sést fyrri hluti orðsins vel, en seinni hluti orðsins mjög illa og jafnvel alls ekki. Sé tilgangur skiltisins einungis sá að upplýsa neytendur um að Borgar Apótek sé lyfjabúð, er að mati samkeppnisráðs ónauðsynlegt að hafa fyrri hluta orðsins „LYFJA“ svo áberandi og jafnvel óeðlilegt með vísan til þess að fyrirtækin eru staðsett steinsnar hvort frá öðru. Þessi uppsetning gefur að mati samkeppnisráðs í skyn að þarna sé á ferðinni fyrirtækið Lyfja. Þá getur þessi stærðarmunur orðhlutanna valdið þeim ruglingi að um sé að ræða tvö orð, þ.e. Lyfja – búð, eða búð Lyfju. Þá er það mat samkeppnisráðs að stafagerð skiltis Borgar Apóteks sé mjög áþekk stafagerð vörumerkis Lyfju og hinn græni ráðandi litur í skilti Borgar Apóteks sé mjög áþekkur einkennislit Lyfju ehf. Samkvæmt framansögðu er það mat samkeppnisráðs að notkun umrædds stafaskiltis

Borgar Apóteks sé í andstöðu við 21. gr. samkeppnislaga, þar sem hún er til þess fallin að veita rangar og villandi upplýsingar og er ósanngjörn gagnvart keppinauti og neytendum.

5.

25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með 25. gr. samkeppnislaga kemur fram að í henni felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og hún sé til fyllingar á vörumerkjavernd. Í greininni felast í raun tvær efnisreglur. Síðari málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, sem viðkomandi á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Fyrri málsliðurinn fjallar um notkun á auðkenni sem annar á.

Það er óumdeilt að Lyfja hefur verið skráð sem firma og vörumerki frá árinu 1996, það er u.þ.b. tveimur árum áður en stafaskilti Borgar Apóteks kom til skjalanna. Ljóst er að orðið „lyfjabúð“ er það almennt heiti að það fær tæpast notið verndar vörumerkjaréttar eitt og sér og apótekum því heimilt að nota það orð við auðkenningu á verslunum sínum. Í þessu máli er þó ljóst að mati samkeppnisráðs að uppsetning umrædds skiltis Borgar Apóteks, stafastærð, litur og útlit að öðru leyti, er til þess fallið að villst verði á því og vörumerki Lyfju í skilningi 25. gr. samkeppnislaga enda fyrirtækin staðsett hvort nálægt öðru. Að mati samkeppnisráðs er notkun skiltisins því brot á 25. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð að notkun umrædds skiltis brjóti einnig gegn góðum viðskiptaháttum í skilningi 20. gr. samkeppnislaga, þar sem útlit og uppsetning skiltisins sé villandi og ósanngjörn gagnvart keppinauti og neytendum og til þess fallin að villst verði á skilti Borgar Apóteks og vörumerki Lyfju ehf. Samkeppnisráð telur því notkun skiltisins einnig í andstöðu við 20. gr. samkeppnislaga.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Borgar Apóteki, Álftamýri 1, Reykjavík, að nota stafaskiltið „*Lyffjabúð*“ með þeim hætti sem gert er. Skiltið er þannig úr garði gert að fyrri hluti orðsins, „*Lyfja*“ er myndað úr tvöfalt stærri stöfum en seinni hluti orðsins „*búð*“. Bannið tekur gildi þann 10. desember 1998.

Verði banninu ekki fylgt mun viðurlögum samkeppnislaga verða beitt.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 16/1998](#)]